

## Fundargerð 10. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði þriðjudaginn 17. nóvember hjá Þjóðskrá Borgartúni kl. 13.30 til 15.30.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Björn Óli Hauksson (BÓH), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Kári Gunnlaugsson (KG), Hildur Reykdal (HR), Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir (SJG), Þórólfur Guðnason (ÞG), Jón Pétur Jónsson (JPJ), Auður Lilja Arnþórsdóttir (ALA) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem fundarritari .

### Dagskrá fundarins:

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Tengsl fjárveitinga og umsvifa.
4. Staða verkefna flugvirkaráætlunar.
5. Önnur mál.
6. Næsti fundur.

FS setti fundinn og minntist Péturs K. Maack formanns flugvirkarráðs.

Dagskrá og fundargerð síðasta fundar voru samþykkt.

### Tengsl fjárveitinga og umsvifa

FS Ályktun síðasta fundar var kynnt í innanríkisráðuneytinu og þar gera menn sér grein fyrir stöðu mála. Hinsvegar þarf að gæta að því að þær stofnanir sem eiga fulltrúa í ráðinu sækja sínar fjárveitingar í gegnum sín ráðuneyti en ekki flugvirkarráð, það sé ekki hlutverk þess.

Aðilar ráðsins töldu hinsvegar að ráðið sé einmitt réttur vettvangur til að koma fram áhyggjum sínum um framgang mála í Keflavík. Fulltrúar lögreglu bentu á að miðað við framkomnar tillögur að fjárveitingum verði meðal biðtími rúmlega 40 mínútur næsta sumar og ef hlutverk lögreglu breytist með hækkun á vástigi þá verði aukin vinna við öryggisþætti og minni við veitingu þjónustu. Biðtími muni því lengjast. Nauðsyn er að tengja fjárveitingar við umsvif, t.d. með því að leggja gjald á farþega til að greiða fyrir þá þjónustu sem lögreglan veitir.

Fjármögnun þeirra stofnana sem starfa á Keflavíkurflugvelli og þurfa að veita vellið þjónustu er sameiginlegt vandamál sem þarf að leysa sameiginlega. Samrómur var um að nýja hugsun þyrfti við lausn þessa mála og þá helst litið til þess að fá ráðuneytisstjóra þeirra ráðuneyta sem koma að flugvirkarmálum saman til viðræðu.

### Staða verkefna flugvirkaráætlunar

Drög að flugvirkaráætlun á að liggja fyrir innan tveggja vikna. Aðilar ráðsins eru beðnir að senda inn ný verkefni og breytingar fyrir áætlun 2016 ef þeir telja þörf á.

Innleiðingarlistinn hefur verið sendur til aðila og þykir flókin, ritari ætlar að brjóta spurningalistann frekar niður.

Verkefni á flugvirkaráætlun er snéri að framlengingu rafrænna vegabréfa er lokið og framvegis verður ekki hægt að framlengja rafræn vegabréf. Fulltrúi Þjóðskrár upplýsti að u.þ.b. 3300 framlengd vegabréf eru í umferð. Þjóðskrá mun hafa samband við handhafa þeirra og láta vita að sækja þurfi

um nýtt vegabréf. Skoða þarf betur útgáfu neyðarvegabréfa. Upplýsingum um málið verði einnig bætt á heimasíðu Keflavíkurflugvallar, [www.kefairport.is](http://www.kefairport.is). Einnig mun Isavia setja upplýsingar á sína heimasíðu.

Áætlanir um fjölgun farþega í flugi hafa ekki staðist og miðað við stöðuna núna þá mun áætlaður fjöldi farþega á næsta ári verða álíka og spáð var fyrir að yrði árið 2020. Fleiri flugfélög eru að boða flug og aukning á flugi til Egilsstaða og Akureyrar.

Unnið er að áætlun um flugvirkt í neyðartilfellum, þarfagreining er í vinnslu.

### Önnur mál

HSS kynnti nýafstaðinn FAL fund og fylgir fundargerð af fundinum með.

Enn á eftir að tilnefna nýjan formann ráðsins og Landlæknisembættið á eftir að tilkynna fulltrúa sinn formlega.

### Næsti fundur

Næsti fundur flugvirkarráðs verður haldinn í innanríkisráðuneytinu þann 19. janúar nk. kl. 13.00. Fulltrúum flugrekanda verður boðið á fundinn.

## **Minnispunktur af fundi ECAC Facilitation working group. Haldinn í Finnlandi, 11. október sl.**

Dagskrá fundarins:

1. **Item 1. Opening and administrative information.** WP 2. Ákvarðanir síðasta fundar samþykktar.
2. **Item 2. Update on recent developments in facilitation**
  - a. Facilitated related outcomes to the last meetings of DGCA fundi. Farið yfir skjalið.
  - b. Outcomes of the ECAC Plenary Triennial Session (ECAC/34). IP/2. Farið yfir kynningu um helstu verkefni hópsins, svo sem módel fyrir flugvirktaráætlun; farþegamál; farmflutninga; lýðheilsumálefni (best practices); leiðbeiningar vegna mansals; fundir með DoT (department of Transport USA); Uppfærsla á Doc 30 part I. Uppfærsla á Doc 30 skiptir mjög miklu máli því þar eru leiðbeiningar fyrir rekstraraðila og stjórnvöld. Undirbúningur fyrir FAL Panel hjá ICAO.

Fyrirspurn um "passport preclearance" t.d. Fyrir USA. Verður rætt frekar á fundi með DoT á morgun. Fram koma að Frontex hefur unnið mikla vinnu í þessu. ECAC mun taka og ræða þetta frekar því ekki er ljóst hverjir eru að gera hvað og hver þróunin er. Patricia Reverdy vill gjarnan taka þetta inn í vinnuþrógrammið.

Ekki vilji hjá stórum þjóðum að taka Economic matters inn sem viðauka 20 við Chicago samninginn, ECAC hefur þetta í „ad hoc group on Economic matters“. ICAO er líka að gera aðra tilraun til að koma "consumer protection" inn í viðauka 9, en mörg ríki eru á móti því (t.d. Singapúr) sem telja að markaðurinn eigi að ráða.

3. **Item 3. General amendment to ECAC Doc 30, part I**
  - a. WP/3. Athugasemdir skulu berast fyrir 20. október. Rætt um breytingar á 3A vegna tolla. IATA þarf að senda inn nýjar upplýsingar.

**4. Item 4. Report of work of the Sub-Group on the transport of PRMs.**

- a. Farið yfir skýrslu í WP/4. Kvörtunum hefur fækkað heldur. Kvartanir vegna PRM eru mikið færri en vegna rg. 261/2014. Ákveðið að halda áfram að safna gögnum og benda PRM farþegum á rétt sinn til þjónustu.
- b. Vinnuþáttur 2016 WP/5. Farið yfir verkefni og þeim sem lokið er. Mikil bæting í hópnum frá því sem verið hefur. Nýr formaður tekur við eftir þennan fund. Fulltrúi ACI fór yfir málefni eldri fólks sem ferðast. Þessi hópur er að stækka og ACI horfir til þarfa þessa hóps sem ferðast mikið núna - spurning hvort það breytist í framtíðinni.

**5. Item 5. Report of work of the Sub-Group on Immigration.**

- a. API, biometrics and ABC developments. Minnt á að senda inn uppfærslur á spurningalistum.
- b. Air Carrier liability. WP/11. Umræða um þetta málefni heldur áfram. Ath. Samgöngustofa hefur ekki skilað inn svörum við spurningarlista. ECAC ætlar ekki að framleiða meira leiðbeiningarefni. Ath. Hvað merkir ECAC skilgreining á "necessary precautions" í raun? Fjallar í texta um hvað ráðstafanir og þjálfun er nauðsynleg til að tryggja sé að fölsuð ferðaskilríki séu tekin úr umferð. Fjallar um amd 25 við viðauka 9 sem SGS á eftir að taka afstöðu til. IATA vinnur einnig að þessu og þarf að samræma sitt efni við ECAC Doc 30. Heilmikil vinna er í vinnuhópi IATA sem nefnist IATA Cog. Breytingar á DOC 30, wp 11 var samþykkt.
- c. Crew member certificates (CMC)  
Í gangi er vinnuhópur (study group), verkefnið er erfitt, þ.e. að fá ríki til að samþykkja samræmt CMC. Taka þarf tillit til persónuverndar, flugverndar ofl. [SGS athuga þarf hvort þetta er ekki enn "recommendation".]
- d. Unaccompanied minors.
  - i. Wp./9. [SGS Eigum eftir að fylla út spurningalista um þetta málefni]. Kynning á þeim reglum sem til eru um þetta efni en lítið leiðbeiningarefni er til hjá ECAC. Í viðauka 9 er grein 3.76 (recommendation) sem má rekja tilveru sína til Eyjafjallagossins, þegar loftrými var lokað í lengri tíma og farþegar/börn voru strandaglópar í lengri tíma.  
Í ljós koma að það vantar staðlað form fyrir flugrekendur fyrir yfirlýsingu um að flytja megi barn eða lýsing. Hver gefur heimild og hver fer yfir gögnin? Einnig vantar gögn og greiningu á upplýsingum. Samræma þarf orðanotkun og skilgreiningar, t.d. er sjálfráða aldur skilgreindur mismunandi milli landa. Eitthvað er um þetta í Schengen border code [ath er þetta í reglugerð um för fólks yfir landamæri?]  
Í viðauka 9 eru 14 tilmæli, 8 snúa að flugrekendum, 4 að aðildarríkjum og 2 að þessum sameiginlega. Benda á að nota Interpol LSTD og Yellow Notice. Farið verður yfir þetta efni á ICAO FAL panel næst, lagt verður til að einhverjum tilmælum verði breytt í staðla. Mjög mikilvægt!  
Umræða fór fram um hvort þetta málefni ætti heima undir viðauka 9, er til annar vettvangur. Talið vera mikilvægt að þetta eigi heima hjá ICAO, en líka fjallað um þetta hjá IATA. Nina frá Finair sagði frá því að erfiðara væri að verða fyrir flugrekendur að framkvæma þjónustuna "að flytja barn" því mismunandi stjórnvöld fara fram á ólík gögn. T.d. eru fleiri og fleiri að fara fram á "parental consent" (Rússland, S- Afríka ofl). ECAC vinnuhópur mun athuga að gera leiðbeiningarefni varðandi þetta á næsta ári.

[Er þetta í lagi hjá okkur? Er til samræmt vinnulag?]

IATA og flugrekendur vilja ekki gera of mikið en ECAC er á því að lágmarkslína eigi að vera til staðar. Á að ræða á fundi með USA DoT á morgun.

- e. Kynntur WP/10 um stolin og týnd ferðagögn. Fjallar um að setja inn í DOC 30 ábendingu um INTERPOL's Stolen and Lost Travel Documents (SLTD) database and INTERPOL's 'Notices' system. Samþykkt.
  - f. Formaður vinnuhópsins um "immigration", staðan að losna þar sem Hollendingurinn Paulus er að hætta næsta vor. Formlegt bréf verður sent til stjórnvalda.
  - g. Implementation of 2015 work programme. WP/6. Samþykkt og fer fyrir DGCA í desember.
6. Tour de table – helstu breytingar hjá nokkrum ríkjum:
- Ísland. Increase in passengers in Keflavik, 4.9 million 2015 to 6.5 in 2016. Pressure on the whole system, e.g. facilitation; security and other related operations. Financial issues and financing of the system during the growth period (Transport Authority, Customs, Health authority, Custom Police etc.). Fjallaði einnig um úttekt á PRM og verkefni er snýr að bættri upplýsingagjöf við farþega.  
Some discussion with the Icelandic National registry regarding passports and the amendt coming in force on the 24. nóvember. Spurði hópinn um framlengingar.
  - Noregur. Tilraunaverkefni varðandi "simplified transfer" á Oslóarflugvelli, þar nú að fara 2 í gegnum flugvernd. Vinna vegna pre-clearance með USA. Vilja fá leiðbeiningar inn í IATA.
    - Einföldun og meiri skilvirkni í kerfum. Vilja fleiri ABC gates innan EU.
    - Fylgjast með pre-clearance verkefnum.
    - Passenger Data exchange.
    - PNR - vilja reyna að stöðva þróun varðandi það að hvert flugfélag veiti sína PRM þjónustu.
  - Holland
    - ABC gates. Mikil aukning í notkun á e-gates, um 2 milljónir farþega nota þau á ári.
    - Preclarence vinna með USA, gæta þess að vera búin að skilgreina kröfur landsins áður en samningaviðræður byrja.
  - Bretland
    - Líka unnið að preclarence með USA
    - PNR verkefni með löndum fyrir utan EU.
    - Unnið að verkefni um gæði gagna.
    - Aukin notkun ABC hliða.
  - Ítalía
    - PRM þjálfun
    - PNR verkefni og API. ABC hlið - mikil aukning á öllum alþjóðlegum flugvöllum.
  - Belgía
    - Preclearance program við USA. Svo virðist sem USA hafi nálgast þessi yfirvöld að sínu frumkvæði. [Hver borgar? Flugvallaryfirvöld í Belgíu.]
    - ABC hlið frá sumri 2015.
  - Írland.
    - ABC gates - í tilboðsferli.
    - Passport card EU and EEA
  - Tékkland
    - E-gates of new generation, notuð á ákveðnum leiðum.
  - Spánn

- ABC hlið orðin algeng um Spán núna. Eru að þjálfra landamæri verði í að nota API upplýsingar
- Sviss
  - Preclearance verkefni, en þótti ekki áhugavert á þeim flugvelli. Þykir ekki alltaf best út af notkun á hliðum og sveigjanleika í kerfinu.
  - Passenger Data issues, PNR kerfi eða önnur kerfi. Hvað er best að nota? Svissnesk persónuverndarlög leyfa ekki að upplýsingar séu fluttar á milli kerfi/landa. Er til skoðunar.

Fram kom að sífellt fleiri krefja flugrekendur um upplýsingar um farþega (PNR). Jafnvel upplýsingar (API) um farþega í yfirflugi. Þetta færir skoðun á upplýsingum "miklu framar" í ferlið, ekki bara við landamærastöðvar.

[PNR er frekar til "criminal analysis"/"high risk individuals", API er meira almennt].

## 7. Update on cargo issues

Kynning frá Gijs van Son frá Hollandi "update on cargo issues". Union customs code, í gildi frá 30.10.2013. (EU nr. 952/2013). Tekur gildi í áföngum til loka árs 2020. Breytingarnar varða bæði vinnulag stjórnsýslunnar og breytingar varðandi rafræn gögn og stjórnsýslu.

- Sett verður upp "common repository" fyrir "ENS" upplýsingar tengdar sendingum.
- E-screening (national risk analyses).
- EU customs Data Model, í vinnslu, byggir á WCO DM fyrir samræmingu krafna til upplýsinga.

"Home printed bag tags (HPBT)". Nýtt prufuverkefni verður sett af stað. Unnið á milli COM og ICAO.

## 8. Update on health issues

Patrick Lancman frá Frakklandi. Sagði stuttlega frá Ebóla farsóttinni. Líbería hefur nú verið líst yfir sem "ebóla"laus. Lítið hefur verið um tilfelli síðan í september/október.

Frakkland hefur hætt að skoða farþega frá Gíneu Bissau.

Corona virus - gengur um í Asíu. Ath. Mörg tilvik í píligrímaflugi, yfir 560 látnir og sóttin gengur áfram.

CAPSCA - ekki hefur verið boðaður næsti fundur.

## 9. ECAC-US Coordination meeting.

Formaður sagði frá fyrirhuguðum fundi með DoT í USA. Verið er að vekja upp fundi sem voru reglulega.

## 10. Proposal for 2016 Work Program

Farið yfir áætlun næsta árs (WP/7). Tveir fundir í ECAC FAL hópnum. Fundir í undirhópum skv. plani. Sjá Ip/2 sem fjallar um markmið í verkefnum.

[Óskaði eftir leiðbeiningum með spurningarlistum, til að auðvelda útfyllingu. ECAC ætlar að bregðast við]

Rætt um FRONTEx, lítið hefur heyrst frá þeim þar sem forgangsroðun snýr að Miðjarðarhafinu.

Beðið eftir EU PNR directive, til að gefa heildarlínu. Í dag eru ríkina að höndla þetta ólíkt.

Workshop on the issues of families of aircraft accident victims - líklega í júní. Tveir dagar, workshop og fundur. Nánari upplýsingar sendar síðar.  
Wp/7 samþykktur.

## 11. Other business, conclusion and 2016 meetings

1. IATA presentation on Smarter Regulation. Kynning frá Angeles Pazo frá IATA.

- IATA pushing for smarter regulation approach.
- Hafa sett fram best practices:
  - Definition statement: clearly defined, measureable policy objectives.
  - Principles; open and transparent; consistency and clarity; proportionality; targeted at risk; fair and non distortive.
  - Process: transparent; addresses a clear need, impact assessment; independent; inclusive; reduces compliance burden; regular review; appeal.
  - Sjá lista yfir forgangsröðun IATA. Flugvallargerglugerð, ATM efficiency; Border crossing/facilitation; conflict zones; licencing, MBMs; noise ofl.

2. ACI presentation on elderly persons.

- Kynning frá ACI (Jurgen), fjölgun á eldra fólki á ferðalagi. Lífslíkur fólks eru að aukast og meðalaldur hækkar, 12% yfir 80 ára. Undir 14 ára fækkar frekar milli ára, 14.2%.
- Hlýtur að þýða að fleiri og fleiri greiði PRM gjald á flugvöllum. Einnig bent á að bjóða á upp á aukna þjónustu gegn aukagjaldi. PRM farþegar eyða miklum tíma í að bíða - í sérstökum biðsal (þar sem þau geta ekki eytt peningum í verslun og þjónustu)

- a. Nomination received and election of Chair of the PRM Sub-Group  
Breytingar á formennsku. Ítalía búin að klára 6 ára tímabilið. Portúgal tekur við.
- b. Facilitation Terms of Reference (TORs) - wp/8
- c. Dates for 2016 meetings

Fundi lokið 17:15